byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Fljótsdalshérað skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

7. gr.

Heimildarákvæði.

Bæjarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægra gatnagerðargjaldi en 3. gr. mælir fyrir um, ef fyrir liggja sérstakar aðstæður sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

Þá er bæjarstjórn heimilt að undanþiggja einstök hverfi, götur eða landsvæði ákvæðum 3. gr. að öllu leyti, ef um er að ræða að einn og sami framkvæmdaraðili taki að sér að byggja öll mannvirki á svæðinu og ganga að fullu frá götum, bifreiðastæðum, opnum svæðum o.s.frv. Í slíkum tilfellum skal framkvæmdaraðili greiða sveitarsjóði sem nemur að minnsta kosti 15% af útreiknuðu samanlögðu gatnagerðargjaldi til að standa straum af kostnaði við tengigötur. Bæjarsjóður skal eftir sem áður yfirtaka til rekstrar þær götur sem byggðar eru með framangreindum hætti.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Byggingarleyfisgjald og afgreiðslu- og þjónustugjöld byggja á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingar í Stjórnartíðindum B-deild. Jafnframt falla þá úr gildi eldri gjaldskrár Norður-Héraðs, Fellahrepps og Austur-Héraðs um sama efni. Þó gildir vegna gatnagerðargjalda sem lögð hafa verið á fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, en hafa ekki verið greidd að fullu, að farið skuli eftir ákvæðum þeirrar gjaldskrár sem álagning gatnagerðargjalds byggði á.

Samþykkt af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 20. apríl 2005.

Ómar Þröstur Björgólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

26. apríl 2005 Nr. 422

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 535/2003 um verðjöfnun við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni.

1. gr.

Við upptalningu í 1. gr. reglugerðarinnar bætast eftirfarandi tollskrárnúmer:

1905.9019
1905.9040

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 85. gr. A. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. apríl 2005.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.